

IV. KAFLI

Niðurlagsákvæði.

11. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum frá 100—1000 króna, nema þyngri refsingar liggi við samkvæmt öðrum lögum, og skal fara með mál út af brotum sem almenn lögreglumál.

12. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum um Ferðaskrifstofu ríkisins nr. 33, 1. febr. 1936, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 30. apríl 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.

31 Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sýslumannsins í
5. maí **Húnavatnssýslu, um flutning þingstaðar.**

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í bréfi, dags. 4. þ. m., og beiðni hreppsnefndarinnar í Áshreppi í Húnavatnssýslu veitir ráðuneytið hér með samþykki sitt til þess, að þingstaður Áshrepps verði fluttur frá Hofi í Vatnsdal í samkomuhúsið í Ásbrekku, enda annist hreppsnefndin um, að jafnan verði til á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður hér með til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

32 Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Bókasafnssjóð Högna Þorsteins-
6. maí **sonar, útgefin á venjulegan hátt af dóms- og kirkjumálaráðherra ad mandatum**
6. maí 1936.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Bókasafnssjóð Högna Þorsteinssonar.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um nemanda héraðsskólans á Reykjum í Hrótafirði vetur 1934—1935, Högna Þorsteinsson frá Bessastöðum í Ytri-

Torfustaðahreppi í V.-Húnavatnssýslu. Stofnendur sjóðsins eru móðir hans, Þuríður Þorvaldsdóttir, og fósturmóðir hans, Kristín Bjarnadóttir, Bessastöðum í Ytri-Torfustaðahreppi í V.-Húnavatnssýslu. 32 6. maí

1. gr.

Sjóðurinn er gefinn héraðsskólanum á Reykjum í Hrútafirði.

2. gr.

Sjóðurinn heitir Bókasafnssjóður Högna Þorsteinssonar.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er bókasafn Högna sál. Þorsteinssonar ásamt 1000 kr. — eitt þúsund krónum — í peningum.

4. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta í Landsbanka Íslands, bankavaxtabréfum, ríkis-skuldabréfum eða í sparisjóði V.-Húnavatnssýslu.

5. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, en $\frac{2}{3}$ af vöxtum af fé sjóðsins skal varið til viðhalds og eflingar bókasafninu, til bókbands og bókakaupa, en $\frac{1}{3}$ vaxta skal jafnan leggjast við höfuðstólinn. Fari svo, að bókasafninu hlotnist gjafir eða að sjóður þessi verði efldur á annan hátt, skal fé þetta jafnan lagt við höfuðstólinn.

Þegar nýjar bækur eru keyptar handa bókasafninu, skulu jafnan ganga fyrir kaup á þeim bókum, er fjalla um þau efni, er Högna sál. Þorsteinssyni voru hugleiknust, sem voru íslensk málfræði og þjóðfræði.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa skólastjóri héraðsskólans á Reykjum í Hrútafirði og formaður skólanefndar skólans, en nemendur skólans skulu í október ár hvert, eins fljótt og því verður við komið, kjósa þriðja manninn í stjórn sjóðsins, annaðhvort úr sínum hópi eða einhvern kennara skólans, til eins árs í senn. Ber tveim fyrstnefndu stjórnendum sjóðsins að sjá um, að kosning þriðja stjórnarnefndarmanns fari fram.

7. gr.

Stjórn sjóðsins ber að sjá um, að bókasafn sjóðsins verði jafnan geymt í sérstökum skáp eða skápum í bókhöllu skólans, og að því verði haldið aðskildu

- 32 frá öðrum bókum eða bókasafni skólans. Skal sjóðstjórnin sjá um, að í októ-
6. maí bermánuði ár hvert verði gerð sérstök ítarleg skrá yfir bókasafnið. Bækur bóka-
safnsins skulu stimplaðar með sérstökum stimpli, sem fylgir safninu.

8. gr.

Stjórn sjóðsins ber að færa sérstaka bók yfir fjáreignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld og færa í hana ársreikninga sjóðsins með árituðum athugasemdum endurskoðanda sjóðsins. Skal fjárhaldi sjóðsins haldið algerlega aðskildu frá fjárhaldi skólans. Ber sjóðstjórninni að gera sérstakan reikning fyrir sjóðinn í janúarmánuði ár hvert.

9. gr.

Endurskoðendur ársreiknings skólans skulu endurskoða reikninga sjóðsins, og ber stjórn sjóðsins að senda ársreikninga sjóðsins með ársreikningum skólans til endurskoðenda.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu birtir í skýrslu héraðsskólans ár hvert.

Stjórn sjóðsins og endurskoðendur vinna kauplaust.

10. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda sérstaka gerðabók fyrir sjóðinn og færa í hana skipulagsskrána, skrá yfir keyptar bækur ár hvert, fundarsamþykktir og annað, sem varðar hag og rekstur sjóðsins.

11. gr.

Verði héraðsskólinn á Reykjum í Hrótafirði lagður niður eða að hann hættir algerlega störfum, skal kennslumálaráðuneytið ráðstafa bókasafninu og eignum þess, en leita skal áður álits fræðslumálastjóra og sýslunefndar V.-Húnavatnssýslu og sýslunefndar Strandasýslu um málið.

12. gr.

Skipulagsskráin skal birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

13. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari.